

230. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 4. mars 2025, á Teams

Mætt frá Breiðafjarðarnefnd: Erla Friðriksdóttir formaður, Guðríður Þorvarðardóttir, varaformaður, Valdís Einarsdóttir, Magnús A. Sigurðsson, Arnheiður Jónsdóttir, Karl Kristjánsson og Sunna Björk Ragnarsdóttir.

Forföll: Arnar Kristjánsson boðaði forföll með stuttum fyrirvara og ekki var hægt að ná í varamann.

Fundarritari: Jakob Stakowski.

Formaður setti fund kl. 10.30.

1. Fundargerð 229. fundar Breiðafjarðarnefndar

Fundargerð 229. fundar nefndarinnar, sem var haldinn á Teams 4. febrúar 2025.

Afgreiðsla:

Fundargerð lesin upp og samþykkt.

2. Starfsskýrsla Breiðafjarðarnefndar 2024

Breiðafjarðarnefnd vinnur að gerð starfsskýrslu fyrir árið 2024. Starfsmaður Breiðafjarðarnefndar undirbjó drög að starfsskýrslu milli funda og sendi þau nefndamönnum til yfirferðar fyrir fundinn.

Afgreiðsla:

Breiðafjarðarnefnd ræddi drögin á fundi og samþykkti þau. Starfsmaður nefndarinnar mun ganga frá skýrslunni og biðja um fjarfund við umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra til að skila henni formlega.

3. Fjármál Breiðafjarðarnefndar 2025

Breiðafjarðarnefnd vinnur að gerð fjármálaáætlun fyrir árið 2025. Starfsmaður Breiðafjarðarnefndar undirbjó drög milli funda og sendi þau á nefndina.

Afgreiðsla:

Nefndin ræddi drögin og samþykkti þau með fyrirvara um útfærslu rannsóknáætlunar fyrir árið.

Lögð var áhersla á að skilgreina nánar rannsóknir sem nefndin hyggst styðja á árinu, en áætlunin veitir svigrúm til þess.

Fjármálaáætlunin verður aftur tekin upp á næsta fundi.

4. Endurheimt Hraunsfjarðar

Breiðafjarðarnefnd hefur fjallað um mögulega endurheimt Hraunsfjarðar, sem var stíflaður á 9. áratug 20. aldar. Lesa má nánar um hugmyndir Breiðafjarðarnefndar [hér](#).

Breiðafjarðarnefnd fékk landeiganda við Hraunsfjörð á Snæfellsnesi á fund í nóvember 2024 og kynnti fyrir þeim hugmyndirnar.

Nefndin hefur tekið saman greinargerð um viðmið varðandi endurheimtarverkefnið, sem hún sendi landeigendum til skoðunar eftir síðasta fund í febrúar 2025.

Afgreiðsla:

Breiðafjarðarnefnd ræddi um næstu skref og skipulagði næsta fund með landeigendum. Starfsmaður Breiðafjarðarnefndar mun setja sig í sambandi við landeigendur um að skipuleggja fund í mars.

5. Umsögn vegna skipulagsbreytingar við Hamraenda og Kallhamar í Sveitarfélaginu Stykkishólmi

Breiðafjarðarnefnd hefur fengið beiðni um umsögn vegna skipulagsbreytinga í Sveitarfélaginu Stykkishólmi, nánar við Hamraenda og Kallhamar utan Stykkishólms. Frekari upplýsingar er hægt að finna í skipulagsgátt:

Deiliskipulagstillaga: <https://skipulagsgatt.is/issues/2024/1030>

Aðalskipulagsbreyting: <https://skipulagsgatt.is/issues/2024/1027>

Afgreiðsla:

Nefndin ræddi skipulagsbreytingar og starfsmaður Breiðafjarðarnefnd mun undirbúa drög að umsögn milli funda. Nefndin mun afgreiða umsögn á næsta fundi.

6. Jónsnes í Sveitarfélaginu Stykkishólmi

Breiðafjarðarnefnd hefur orðið var við framkvæmd í Jónsnesi í Sveitarfélaginu Stykkishólmi innan verndarsvæðis Breiðafjarðar. Skipulag hófst án aðkomu Breiðafjarðarnefndar en samkvæmt lögum nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar ber að afla umsagnar nefndarinnar um framkvæmdir innan verndarsvæðisins. Starfsmaður Breiðafjarðarnefndar sótti upplýsingar hjá sveitarfélaginu um málið.

Afgreiðsla:

Samþykkt var að senda formlega fyrirspurn til sveitarfélagsins og leita einnig eftir upplýsingum hjá Skipulagsstofnun um málsmeðferðina.

7. Búðanes í Sveitarfélaginu Stykkishólmi

Sveitarfélagið Stykkishólmur hefur haldið áfram jarðvegsvinnu við Búðanes í þeim tilgangi að útbúa söguleið um svæðið. Lesa má um málið í frétt frá 6. nóvember 2024 á heimasíðu sveitarfélagsins [hér](#).

Landnýting á svæðinu hefur áður verið á borði Breiðafjarðarnefndar, sbr. umsögn Breiðafjarðarnefndar til sveitarfélagsins frá 17. janúar 2023 [hér](#).

Nefndin ákvað á síðasta fundi að senda sveitarfélaginu fyrirspurn vegna framkvæmdanna og óskaði eftir svari fyrir mars 2025.

Afgreiðsla:

Engin svör höfðu borist fyrir fundinn, og samþykkt var að ítreka erindið.

8. Framtíð Breiðafjarðar

Breiðafjarðarnefnd setti á fót vinnu um framtíð Breiðafjarðar árið 2017 og skilaði skýrslu til ráðherra í ársbyrjun 2021. Í framhaldi var skipaður stýrihópur um framtíð Breiðafjarðar, sem lauk vinnu í júlí 2024, í sama mánuði og nefndin átti fund með umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra um sama mál.

Nefndin samþykkti í september 2024 að útbúa formlega afstöðu sína til tillagna stýrihópsins og sendi umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra skýrslu í febrúar 2025. Jafnframt var óskað eftir fundi með ráðherra til að ræða framhaldið.

Afgreiðsla:

Svar ritara umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra lagt fram til kynningar.

9. Önnur mál

Engin önnur mál voru rædd.

Næsti fundur Breiðafjarðarnefndar verður fjarfundur á Teams þann 20. mars 2025, kl. 11.00.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12.15.